



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 32/2012 um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)

1 Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur í samræmi við fyrirmæli í ákvörðun PFS nr. 3/2012, um útnefningu fyrirtækja með umtalverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7), framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, sem koma skal í stað kostnaðargreiningar sem Síminn framkvæmdi á árinu 2009 og PFS samþykkti með tilteknum breytingum á árinu 2010.

Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrög PFS að verðsamanburði: Síminn hf., Fjarskipti ehf. (Vodafone), IP-fjarskipti ehf. (Tal) og Nova ehf.

Með bréfi, dags. 26. september 2012, tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar. Með bréfi, dags. 26. október 2012, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. ESA gerði nokkrar athugasemdir við hina fyrirhuguðu ákvörðun.

ESA fagnaði því að PFS hygðist ákvarða heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum í kjölfar verðsamanburðar er byggðist á bottom-up LRIC kostnaðargreiningaraðferðum. ESA tók þó fram að verð sem byggðust á þessari aðferð tækju ekki gildi fyrr en 1. júlí 2013. Slíkt væri ekki að fullu í samræmi við tilmæli ESA um lúkningarverð frá 13. apríl 2011, þar sem fram kæmi að fjarskiptaeftirlitsstjórnvöld skyldu tryggja að slík kostnaðargreind verð skyldu taka gildi eigi síðar en í árslok 2012.

Þá kom fram að þó svo ESA virti þau rök sem PFS hefði teflt fram fyrir umræddri frestun, þ.e. að lækkun sem fram færi þann 1. janúar 2013 myndi leiða til mjög brattrar lækkunar lúkningarverða sem hvorki PFS né markaðsaðilar hefðu séð fyrir, minnti ESA PFS á að umræddur tímarammi hefði ekki aðeins haft það að markmiði að tryggja rekstrarhæfi

greinarinnar heldur einnig að færa neytendum hámarks ávinning eins fljótt og unnt væri. Að þessu sögðu gerði ESA sér grein fyrir því að fjarskiptaeftirlitsstjórnvöld þyrftu að finna jafnvægi á milli velferðar neytenda og að forðast of þþyngjandi áhrif á markaðsaðila. Því væri fallist á að fjarskiptaeftirlitsstofnanir hefðu ákveðið svigrúm til mats, sem gæti heimilað þeim að fresta gildistöku þeirra kostnaðargreindu verða sem að ofan greindi um tiltekinn tíma. Af þessum sökum, og þar sem að í hinni fyrirhuguðu ákvörðun væru ákvörðuð lúkningarverð sem byggðu á pure bottom-up LRIC verðum sem áttu að vera innleidd af öllum fjarskiptaeftirlitsstofnunum á EES-svæðinu í árslok 2012, væri hægt að heimila smávægilega frestun á innleiðingu umræddra verða á Íslandi. Væri þá horft til þess að takmarka hin þþyngjandi áhrif sem umrædd lækkun lúkningarverða hefði á íslenska markaðsaðila.

Að ofangreindu virtu teldi ESA að innleiðing lúkningarverða að fjárhæð 1,66 kr./mín, sem byggðist á verðsamanburði við ríki innan EES sem beittu bottom-up LRIC kostnaðargreiningaraðferð, í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2013, væri fullnægjandi til að tryggja það að neytendur nytu hámarks ávinnings af kostnaðargreindum lúkningarverðum eins fljótt og unnt væri eftir 31. desember 2012, með því að útrýma samkeppnisvandamálum sem tengjast of háum lúkningarverðum.

ESA tók fram að hinn fyrirhugaði verðlækkunarferill myndi vera töluvert brattur, þ.e. að lækka úr 4 kr./mín þann 1. janúar 2013 í 1,66 kr./mín þann 1. júlí 2013. Til að neytendur gætu notið lægri verða fyrr og til að forðast mjög bratta lækkun þann 1. júlí 2013, lagði ESA til að PFS ihugaði hvort rétt væri að bæta við verðlækkunarþrepi í millitíðinni, þ.e. frá 1. janúar 2013 til 1. júlí 2013. Með því móti mætti lækka lúkningarverð á Íslandi hraðar og í fleiri þrepum.

Í framangreindri ákvörðun PFS nr. 3/2012 kom fram að PFS skyldi framkvæma verðaðlögun árlega sem skyldi vera grundvöllur hámarks lúkningarverða frá og með 1. janúar 2013. PFS skyldi árlega ljúka verðsamanburði með ákvörðun, í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Skyldi fyrsta verðsamanburði því lokið eigi síðar en 1. nóvember 2012 vegna verða sem gilda myndu frá og með 1. janúar 2013. Við verðsamanburð skyldi miðað við að ákvarðað verð væri ekki hærra en meðaltal þeirra EES-ríkja sem byggðu á bottom-up LRIC kostnaðargreiningaraðferð þann 1. júlí á samanburðarári.

Vegna ástæðna sem raktar eru í viðaukum A og B með ákvörðun þessari hefur PFS ákveðið að fresta gildistöku hinna nýju verða frá 1. janúar 2013 til 1. júlí 2013. Niðurstaða frumdraga PFS að verðsamanburði hefur nú verið uppfærð til samræmis við þær athugasemdir sem til greina voru teknar. Uppfærða markaðsgreiningu er að finna í viðauka A með bréfi þessu og athugasemdum sem bárust er svarað í viðauka B. PFS telur ekki ástæðu til að bæta við auka verðlækkunarþrepi á milli 1. janúar 2013 og 1. júlí 2013. Að mati PFS hefur stofnunin með því gætt meðalhófs gagnvart markaðsaðilum sem hafa nú töluvert langan tíma til að aðlaga rekstur sinn að umræddri hækkun þann 1. júlí n.k.

Í samræmi við niðurstöðu framangreinds verðsamanburðar og ofangreindrar umfjöllunar er það niðurstaða PFS að heildsölugjöld fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skuli vera **1,66 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2013. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 3/2012 eiga gjöldin að vera þau sömu þann 1. janúar 2013 hjá öllum farsímafyrtækjunum, þ.e. 4 kr./mín. Það verð skal þá gilda til 30. júní 2013. Lúkningarverð sem PFS kvað á um í ákvörðun sinni nr. 3/2012 munu gilda áfram óbreytt út árið 2012.

2 Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 1. nóvember 2012

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

Viðauki B – Athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður úr samráði.

Viðauki C – Athugasemdir ESA.